

Jónas Jónsson frá Hriflu

Nýr landsmálagrundvöllur

Réttur

Tímarit um félagsmál og mannréttindi

1. hefti

3. ár

1918

Nýr landsmálagrundvöllur.

Síðan stjórnin fluttist inn í landið, laust eftir síðustu aldamót, á þjóðin við að búa hið enska þingstjórnarskipulag. Það byggist á því, að þjóðin og þar með þingið skiftist í fastá-kveðna, haldgóða flokka um landsmálin. Sá flokkur sem sterkastur er í þinginu, fer með landsstjórnina þar til einhver annar flokkur verður honum yfirsterkari, af því að stefna hans hefir þá um sinn öðlast almennast fylgi.

Flestöll lönd heimsins, sem bezt þykja ment, hafa tekið til fyrirmyndar stjórnarform Breta. Og í öllum þeim löndum, sem nokkuð kveður að, skiftast þjóðirnar í flokka um *innan-landsmálin*. Vejnulega eru aðalflokkarnir þrír (þó að klofninga og milliflokka gæti allvíða; eru þeir aðeins kvíslar úr meginelfunum): Auðmenn eða *ihaldsflokkur*, *frjálslyndur flokkur* (miðstéttarmanna) og verkamanna- eða *jafnaðarmanna-flokkur*. Þetta er það, sem kölluð er *edlileg flokkaskipun*. Hún byggist á því, að *yfirleitt myndast lífsskóðanir manna í samræmi við lífskjör þeirra*. Fjárhagsástæðurnar séu þar þyngstar á metunum. Spencer hefir sagt, að fáir menn væru svo andlega þróttmiklir, að geta litið á heiminn öðruvísi en gegnum sjóngler eiginhagsmuna. Undantekningarnar eru til en harla fáar.

Stefnur þessara þriggja meginflokka eru mjög ólíkar. *Ihaldsmenn* vilja haga þjóðfélaginu þannig, að einamenn geti sem best notað aðstöðu sína til meiri fjáröflunar og margbreyttra lífsnautna. Eunnfremur svo að efnilegum fjáraflamönnum séu ekki lagðar hindranir í veg á gróðabrautinni. Meginókostur ihaldsstefnunnar er það, að hún er grimmynd mjög í garð

veikari meðborgara og olbogabarna þjóðfélagsins. Sættir sig við, að þeim sé fórn að stalla auðvaldsins.

Frjálslyndi flokkurinn fer bil beggja. Vill ekki setja einstaklings hagsmuni yfir almennings heill, en hins vegar ætla ekki ríkinu jafnmikil völd og afskifti eins og jafnaðarmenn. Andi samvinnuhreyfingarinnar er ein af afli augum frjálslyndu stefnunnar. Einkennilegt dæmi er það, að *liberal*-flokkurinn enski skapaði miljónaherinn breska á *samvinnugrundvelli*. Lét ekki tilleiðast að lögleiða herskyldu fyr en auðsýnt var að *enginn* maður mátti skerast úr leik, ef sigra ætt hervaldið þrússneska. Til frekari skýringar á aðstöðu fhalds og frjálslyndra flokka má nefna nokkur dæmi úr stjórnarsögu Breta á síðari árum. Íhaldsflokkurinn beitist fyrir stækkun ríkisins. Vill halda Írum nauðugum undir Englum. Réði að lagt var út í styrjöld við Búa til að ná landi þeirra (og þó einkum gull og demantsnámunum). Hefir krafist að ríkið héldi undir vopnum miklum landher, til að geta betur framfylgt landvinningastefnunni. Ennfremur að breska ríkið yrði girt með tollmúrum, sem skapa myndi óeðlilega hátt verð á breskri framleiðslu og safna auknum auði í sjóð stórframleiðenda og iðnaðarburgeisa. Flokkur þeirra hefir beitt sér móti auknum kosningarrétti, bættri alþýðumentun, almennum tryggingarráðstöfunum og skattaálagningu, þar sem ríkir menn urðu að bera byrðar í hlutfalli við fjármagn. Í raun og veru gætir tvennskonar skoðana í aðgerðum flokksins. Algerðrar kyrstöðu þar sem um er að ræða endurbætur sem gagna efnaminni stéttunum, en ákveðna breytingalöngun, þar sem umbótin eflir hagsmuni yfirstéttarinnar (Nýlendustyrjaldir, tollvernd etc.). Frjálslyndi flokkurinn á Bretlandi hefir verið mjög athafnamikill á síðari árum. Hann hefir grætt sár Búanna, svo að þeir una nú vel hag sínum, brotið á bak aftur sérréttindi lávarðastofunnar, veitt Írum heimastjórn, komið á ágætu ellistyrktarfyriirkomulagi, og sjúkratryggingu, sem mjög þykir til fyrirmyndar. Flokkurinn hefir fram til þessa dags barist fyrir frjálsri verslun, en móti tollvernd. Má af þessu sjá allgreinilega mun á stefnum þessara höfuðflokka.

Er aðstaða þeirra í flestum löndum mjög á sama veg, þó að staðhættir breyti viðfangsefnum að nokkru.

Jafnaðarmenn byggja á öðrum grundvelli en hinir tveir flokkarnir. Þeir gera ekki mikið úr þjóðernisdeilum og eru mótfallnir nýlendubraski og landvinningum, vilja leggja niður allan herbúnað á sjó og landi og að gerðardómur skeri úr deilumálum. Barátta þeirra er við auðvaldið. Til að lyfta hinum eignalausá öreigalýð þjóðanna vilja jafnaðarmenn að þjóðfélagið verði höfuðvinnuveitandi í hverju landi, svo að fyrirbyggt sé, að einstakir aflamenn geti kúgað allan þorra almennings með yfirráðum framleiðslutækjanna. Mestu máli þykir þó jafnaðarmönnum skifta, að þjóðfélagið reki *sterstu fyrirtækin*: námur, stóriðnað etc. Um smáframleiðslu og yfirráð hennar hafa litlar deilur spunnist, og það því fremur, sem stefnan hefir óvíða fengið fylgi til muna í landbúnaðarhéruðum.

Þessi er þá grundvöllur erlendra flokka í þingstjórnarlöndum. Sú undirstaða er mjög haldgóð. Flokkalínurnar eru glöggar og ákveðnar. Liðhlaupin fátíð að tiltölu. Baráttan verður um *stefnur*. Um *málefni* en ekki *menn*. Afleiðingin sú, að þegar einhver þessi flokkur fer með völd, þá vita, bæði fylgismenn og andstæðingar *hvað muni verða gert*, og hvað látið ógert. Flokks-samherjar eru andlega skyldir. Málefni tengja saman. Takmark þeirra er fast. Að því stefna allir. Þessi eðlilega samheldni veldur því, að miklu er komið í verk. Afl þjóðarinnar stefnir til verka eftir sjálfsögðum og eðlilegum farvegum.

Hér á landi hefir flokkaskiftingin verið á annan veg, verið bygd á mismunandi skoðunum um *eitt utanlandsmál*: Samband Íslands og Danmerkur. Flokkarnir verið tveir. Annar nálgast það að vilja halda í raunverulegt samband milli landanna. Hinn fremur stefnt að því að sambandið yrði óverulegt, eða jafnvel slitnaði með öllu. Aðstaða flokkanna þó hvergi nærri glögg eða skýrt afmörkuð og mjög oft deilt um nauðaðmerkileg og jafnvel einkisverð atriði.

Smátt og smátt kom í ljós höfuðannmarkinn við þessa flokkaskiftingu. Grundvöllurinn var veill. Byggingin, sem á honum

skyldi reist, var alt af að hrynja. Þessvegna voru flokkarnir sífellt að riðlast. Fyrst 1908. Síðan kom »sparkið«, brottrekstur úr bankanum, »bræðingurinn«, »Þjóðreisn«, L. H. B., fyrirvarinn, myndun »langsum« og »þversum« og nú nýverið brottför B. Kr. úr Sjálfstæðinu og Jóns Þorlákssonar úr Heimastjórn. Er nú svo komið, að bersýnilegt er, að báðir gömlu flokkarnir eru að leysast sundur og verða óstarfhæfir með öllu. Er það hvorki undrunar né sorgarefni mönnum, sem skilið hafa, hve óheilbrigð og haldlaus þessi flokkaskipun var frá upphafi vega. Ástæðan var sú, að deilumálið við Dani greip ekki nógu djúpt og víðfaðma inn í líf þjóðarinnar til þess, að *samherjar í flokkunum væru andlega skyldir*. Í báðum flokkum stóðu hlið við hlið gersamlega ólíkir og andstæðir menn: grimmir kyrstöðumenn í nánu sambandi við róttæka framsóknarmenn. Þegar til þingstarfanna kom, var hver höndin upp á móti annari. Þótti gott ef samheldni náðist um útnefningu einhvers í ráðherrastólinn og um kosningu í bankaráð Íslandsbanka. Enginn ráðherra gat komið neinu verulegu til leiðar til viðreisnar þjóðinni. Því að það sem einn stuðningsmaður vildi fylgja, var andstyggð í augum annars. Átakanlegt dæmi er það, hve herfilega andstöðu »bræðingsliðið« sýndi H. Hafsteini, er hann var ráðherra í seinna sinn. Feldi með lítillsvirðingu fjölmörg af áhugamálum leiðtoga síns. Þar kom fram skoðanamunur um innanlandsmálin. Málalokin urðu svo þau, að hvorugur flokkurinn gat nokkru verulegu til leiðar komið, einkum eftir 1909. Kyrstöðumönnum tókst að gera framfarameinina í báðum flokkum furðu áhrifalítla. Ekkert stórmál var tekið fyrir og leitt til lykta, svo að allsherjaráhuga annars flokksins væri fyrir þakkandi. Engar hreinar línur dregnar. Framfarirnar, sem urðu á þessum árum skapaði þjóðarandinn án verulegs stuðnings af forgöngu stjórnmalaleiðtoganna. Svo mikið ólán var að þessu máttlausa hringli í stjórnmalunum, að um stund leit út fyrir að þjóðin hefði mist sjónar á því, að landið alt var í algerðri niðurniðslu, eftir margra alda vanrækt. Áhuga og afli þjóðfélagsins var beint að því að flétta sandreipi úr útþyntri ríkisréttarheimspeki.

Annar höfuðókostur fylgdi ennfremur flokkaskiftingunum um sambandsmálið. Deiluefnið var alloft svo hárfínt, að allur þorri kjósenda gat ekki komið auga á það. Í stað þess festu þeir augu á forustumennina báðum megin. Lögðu lítt grundaða virðingu á sína forkólfa og samsvarandi andúð á foringjana hinu megin. Með þessu móti varð almenningur á stjórnmalasviðinu *einskonar eign* vissra stjórnmalamanna, eign, sem varð stundum að verzlunarvöru eins og »good-will« í verzlun. Eitthvert átakanlegasta dæmið af þessu tagi er það, þegar sumir af forkólfum sjálfstæðismanna fluttu sig yfir í »hinar herbúðirnar« bræðingsárið, með blöð sín og að því er virtist eigi alllítið af hernum. Hitt kemur ekki málinu við, að þessi pólitísku vistaskifti báru ekki þann árangur, sem sumir forkólfarnir höfðu vænst eftir.

Nú er málunum svo komið, að enginn athugull maður hyggur gömlu flokkunum líf. Veldur þar miklu um sú staðreynd, að mikill hluti hinna gömlu leiðtoga, sem fram að þessu hafa átt í stöðugum deilum, hafa nú komið frið sín á milli, og þar með sýnt að andstæðan átti ekki djúpar rætur. Er hér átt við myndun félagsins Sjálfstjórn. Þar sem aðstandendur Lögréttu, Ísafoldar og Landsins sverjast í fóstbræðralag. Að vísu mun eitthvað af fylgismönnum nefndra blaða og eigenda þeirra fylgjast með inn í samsteypuna. En áreiðanlega mun mikill meiri hluti Heimastjórnarmanna, »langsum«- og »þversum«-manna ekki skoða sig bundinn við hringl forsprakkanna, og það því fremur sem mjög orkar tvímælis um stefnu hins nýja flokks.

Mitt í þeim glundroða, sem nú drotnar í stjórnmalalífi Íslandinga, sést að verulegar breytingar eru í aðsigi; og má jafnvel segja, að nú móti fyrir aðallinum í flokkaskiftingu þeirri, sem er að verða til. Er þar skemst af að segja, að þjóðin er að *skifta um þungumiðju* í landsmálabaráttunni, er að hverfa frá því að skipast í flokka um *sambandsmálið*. Í stað þess flokkast menn nú um *innanlandsmálin* á sama hátt og í öðrum þingstjórnarlöndum: *Hægrimenn* (íhaldsfl.) *Vinstri-menn* (frjálslyndur fl.) og *Jafnaðarmenn* (Alþýðufll.). Skal nú

reynt að rekja tildrög þessa nýja skipulags að því leyti, sem kunnugt er um þau. Frumástæðan er hnignun og getuleysi gömlu flokkanna, sem kom því betur í ljós, sem meira reyndi á þá. Fjölmargir af stuðningsmönnum þeirra út um land töpuðu trúnni á dýrlinga sína, bæði fyrir aðgerðaleyfi þeirra, en þó einkum fyrir hringlið og liðhlaupin yfir til andstæðinganna. Fyrsta tilraunin að mynda nýjan flokk um innanlandsmálin var stofnun Bændaflokksins. Mun Jón Jónatansson búfræðingur hafa átt einna mestan þátt í því. Hann sat þá á þingi og var jafnframt ritstjóri Suðurlands. Hafði blaðið nokkur áhrif í þá átt að sýna landsmönnum fram á ágalla gamla skipulagsins. Hins vegar var þingflokkurinn ærið kraftlítil sem von var. Í hann gengu flestir bændur þingsins í fyrstu. Sumir af áhuga og aðrir af óheilindum. Gekk spillingin svo langt, að forkólfar beggja gömlu flokkanna sendu *sína* tryggu bændur yfir í Bændaflokkinn. Tilgangur beggja að gera flokkinn að hjáleigu hjá höfuðbólínu. Eins og nærri má geta varð engin eðlileg samvinna í slíkum flokki, þar sem talsverður hluti af liðsmönnum voru flugumenn úr andstæðingaherbúðunum. Skipulag flokksins var mjög lélegt, og agi enginn. Alt var borið út af flokksfundum, sem nokkur hirti um að vita. Samheldni varla nema ef vera skyldi um einhver minniháttar *agrar*-mál. Ýmsir týndust aftur úr flokknum, einkum inn í Heimastjórnina, t. d. Pétur Gauti, Stefán í Fagraskógi og Sigurður ráðunautur.

Meðan þetta var að gerast, voru í myndun samtök allmargra yngri manna um land alt *um nýja blað- og flokksktofnun*. Hafa þeir menn síðan stofnað vinstrimanna blöðin tvö, *Timann* og *Dag*. Þessir menn höfðu fullkomna ótrú á gömlu flokkunum, og vildu fara sínar eigin götur. Hugsjón þeirra var sú, að hér sem annarsstaðar væri affarasælust, að menn skiftust í flokka eftir því, hvort þeir væru íhalds- eða framsóknarmenn. Hinum síðar nefndu ætluðu þeir að gangast fyrir heilbrigðri viðreisn þjóðarinnar, ef þeir aðeins gætu losast úr tengslum við íhaldssinnana í gömlu flokkunum. Af ýmsum ástæðum sættu þessir menn sig vel við að sitja hjá um stund, og gefa

gömlu flokkunum tækifæri til að vinna að þeirra eigin eyðileggingu.

Stríðið flýtti fyrir hinni nýju flokkamyndun. Verkamannafélögin á Akureyri og í Reykjavík færðust í aukana. Í báðum þessum bæjum höfðu slík félög starfað í nokkur ár, en eingöngu sem kaupkröfufélög. Í stjórn málefnum voru þessi félög algerðar undirlægjur gömlu flokkanna. Dýrtíð sú, sem stríðið skapaði, vakti marga verkamenn til umhugsunar um það, að stéttinni væri hagur að því að halda saman í landsmálabaráttunni, og það því fremur, sem mikil fjárhagskreppa stóð fyrir dyrum. Fyrsta ytra táknið um vaknandi áhuga stéttarinnar var það, er verkamenn á Akureyri kusu Erling Friðjónsson í bæjarstjórn árið 1914. Var hann hinn fyrsti ákveðni og einbeitti fulltrúi jafnaðarmensku hér á landi, sem kosinn var í valdastöðu. Vorið 1915 byrjaði Ólafur Friðriksson að gefa út jafnaðarblaðið Dagsbrún, og við áhrif þess urðu verkamannafélögin í Reykjavík, Hafnarfirði og Akureyri smátt og smátt að óháðum stjórn málaflokki. Við kosningingarnar 1916 hafði þessi nýmyndaði flokkur lista í boði við landskosningarnar, en kom engum að. Við kjördæmakosninguna um haustið féll fulltrúi flokksins á Akureyri, en í Reykjavík unnu jafnaðarmenn annað þingsætið, meðfram af því, að margir þversummennt í Rvík studdu þá frambjóðendur; svo og hinir fáu stuðningsmenn óháðra bænda. Sumarið 1915 gerðist lítilfjórlegur atburður á Alþingi, sem fremur flestu öðru varð til að efla nýju flokkana. Sveinn lögmaður Björnsson var þá þingmaður Reykvíkinga. Hann mun hafa veitt eftirtekt vaxandi áhrifum verkamannasamtakanna í kjördæminu, og álitíð heppilegt að gera »eitthvað« til geðs þeim kjósendum. Bar hann þá fram dýrtíðarfrumvarp allmikið, þar sem farið var fram á að leggja hátt útlutningsgjald á afurðir framleiðenda, sem hækkað höfðu í verði vegna stríðsins, og láta þá fúlgu ganga til að létta efnalítlum fjölskyldum dýrtíðina. Bændum á þingi þótti sem með frumvarpi þessu væri ferlega gengið á stétt þeirra. Snerust þeir á móti frumv. og gengu af því steindauðu. Varð Sv. B. mjög óvinsæll meðal bænda um land alt, og raunar

meir en að verðleikum, með því að litill hugur mun hafa fylgt máli. A. m. k. litu verkamenn svo á, og urðu honum litlu minna fráhverfir en bændur.

Veturinn eftir 1915–16 byrjaði undirbúningur þingkosninga. Var bændum þá í svo fersku minni ágangur sá, er þeir töldu Sv. B. og hans félag hafa sýnt í þeirra garð, að óvanalega mikill áhugi var fyrir því að koma bændum á þing. Þótti mörgum þeim mönnum, sem lítils væri að vænta af bændaflokknum. Í janúar þá um veturinn boðuðu nokkrir Árnesingar til fundar við Þjórsárbrú og ákváðu þar að efna til sérstaks lista við landkjörið. Kallaði sá flokkur sig óháða bændur til aðgreiningar frá hinum eldri Bændaflokk. Blöðin Suðurland og Íslendingur studdu lista óháðra bænda við kosningarnar, enda kom sá listi einum manni að, Sig. Jónssyni í Yztafelli.

Pegar hér var komið sögunni þótti þeim mönnum, er stóðu að vinstrimanna samtökunum, tími til kominn að hefjast handa. Samkomulag náðist ekki um að sameina bændalistana. Studdu þá vinstrimenn í Skagafirði og Húnavatnssýslu þingbændalistann, en í öðrum héruðum lista óháðra bænda. Vissu sem á daginn kom, að þau tvö flokksbrot myndu síðar renna saman, enda væri stefna beggja spor í rétta átt, þótt margt væri í bernsku enn um verklag og sambeldni. Nú var svo komið, að annar gamli flokkurinn (Sjálftæðið) gekk klofinn til kosninga, og veitur í hinum (óheilindi gagnvart G. Björnsson o. fl.). Í sveitunum kiptu bændaflokkarnir fótum undan gömlu flokkunum, en í kaupúnum verkamannahreyfingin. Frá sjónarmiði þeirra manna, sem álitu nýja flokkaskipun hreina og beina þjóðarnauðsyn var þetta ástand hið æskilegasta. Bændaflokkarnir voru byrjun að vinstrimannaflokki í þinginu verkamenn að jafnaðarmannaflokki. Af því að þessa flokka hlaut í framtíðinni að greina á um ýmsa hluti hér sem annarstaðar, skildu grunnfærir menn og eigingjarnir ekki hvílika þýðingu það hafði fyrir hvora hreyfinguna um sig, að *hún starfaði samtímis*. Hver flokkanna hafði sitt eðlilega hlutverk, annar að rétta við hag verkamanna, hinn miðstéttariunar í sveit og kaupúnum, og þar með alis landsins, bæði beint og óbeint. Þessi tvöfalda flokksmyndun, sem þjóðar-

nauðsynin ýtti undir, var fyrst og fremst nauðsynlegt skref í stjórn málaframþróun þjóðarinnar. og flýtti þar að auki mjög fyrir hruni gömlu flokkanna. Forsprakkar þeirra hlutu, eins og síðar hefir komið á daginn, annaðhvort að ganga inn í annaðhvorn nýja flokkinn og gera þeirra hugsjónir að sínum hugsjónum, eða þá að bræða sig saman í þriðja flokkinn (hægri) og þann kostinn hafa flestir þeirra tekið.

Pegar í þingbyrjun 1916 runnu báðir bændaflokkarnir saman og mynduðu Framsóknarflokkinn og tóku þátt í myndun ráðuneytis með báðum gömlu flokkunum. Snemma á árinu 1917 byrjuðu vinstrimenn hið áformaða blað sitt, Tímann, til að styðja Framsóknarflokkinn og Sig. Jónsson. Smátt og smátt hafa línurnar orðið skýrari. B. Kr. sá að hann átti ekki samleið með »Tímans«-mönnum, gekk úr stjórninni og er nú einn af máttarviðum hægrimanna-samtakanna. Svo hefir farið um allmarga aðra, sem fyr virtust standa allfjarri hægrimensku, t. d. ritstjóri Íslendinga. Hinsvegar er bersýnilegt að margir af liðsmönnum gömlu flokkanna hljóta í verki að starfa á grundvelli vinstrimenskunnar. Tæplega er þó líklegt, að hin nýja flokkaskipting verði komin í fast hörf fyr en eftir tvennar kosningar. Þá fyrst má gera sér vonir um, að flokkarnir þrír verði fullmyndaðir og starfhæfir. Ávinningurinn sá, þegar svo er komið, að þá gengur hver flokkurinn að sínu verki og tekur sinn hlut af þjóðarbyrðinni sér á herðar. Með því móti er best tryggt viðreisn landsins.

Menn hafa töluvert spáð um það, hversu samskipti þessara höfuðflokka yrðu. Hægrimannablöðin hafa óttast, að samband kynni að verða milli Vinstrimanna og Jafnaðarmanna, og reynt að ala á sundrung milli þeirra. Sú fyrirhöfn mun þó óþörf. Allir flokkarnir hafa svo greinilega afmarkaða braut, hver fyrir sig, að um samvinnu eins og hægri blöðin hugsa sér getur varla verið að tala. Þó er Vinstrimönnum mikill styrkur í því, á flokksvísu, að leiðir *hinna tveggja flokkanna* geta því nær aldrei legið saman. Til þess er of mikið djúp staðfest milli hagsmuna stórefnamanna og öreiganna. Á þá leið er líka reynsla erlendra þjóða. Hins vegar hefið verið tiltölu-

lega auðvelt fyrir »yfirstétt« kaupþúnanna að beita verkalyðnum fyrir plóg sinn, ef öreigastéttin hefði verið skipulagslaus og án sameinandi hugsjóna. Sáust þess dæmi nýverið í hinu nafnkenda *samsærismáli*. Nokkrir oflátungar höfðu efnt til þess fyrirtækis. Tilætlunin að espa verkamenn í höfuðstaðnum, svo að þeir gerðu stjórninni aðsúg og hrintu henni frá með ofbeldi. En framkvæmdir strönduðu á hlutleysi verkamanna, en það var að þakka samtökum þeirra og skipulagi. Verkalýðurinn virðist hafa ályktað á þá leið, að hlutverkið væri þeim ósamboðið, og gagnstætt þeirra hagsmunum að hrekja frá völdum stjórn, sem í heild sinni hallaðist allmikið á sveif vinstri-mensku, en fá í staðinn harðsnúna hægri stjórn. Þannig er ekki ósennilegt, að alloft verði milli tveggja framsæknu flokka, það sem milli ríkja er nefnt *»vinsamlegt hlutleysi*.« Sundurleitar skoðanir á ýmsu, en samhugur um annað t. d. uppeldismál, samgöngubætur, kaupfélagsskap, útrýmingu áfengis o. fl.

Í bæjunum má gera ráð fyrir, að hægri menn glími við jafnaðarstefnuna, en vinstri manna gæti fremur lítið. Við hlutfallskosningu til bæjarstjórnar geta fátæklingarnir náð meiri hluta a. m. k. við og við, og þá fengið færi til að koma sumum af hugsjónum jafnaðarstefnunnar í framkvæmd t. d. rekið kúabú, garðrækt og fiskiveiðar til hagnaðar bæjarfélögum. Látið bæina byggja holl hús yfir þá skýlislausu, eignast lönd og lóðir. Gera leikvelli og íþróttastöðvar, bókasöfn og góða skóla handa æskumönnum bæjanna. Fátækt og ömurleg kjör verkamannalýðsins í íslensku kaupþúnunum var að verða eitt mesta vandamál þjóðarinnar. Úrkynjun stóð bersýnilega fyrir dyrum; bæði líkamleg og andleg hnignun. Aðrar stéttir höfðu nóg að gera að hugsa um sig. Frá þeim var ekki hjálpar að vænta. Frá þjóðlegu sjónarmiði er það stórhapp, ef verkamannastéttin »vinnur sig upp« úr bágingunum. Þjóðinni bætast þá auknir kraftar til allra manna-rauna. Og erlend reynsla sú, að engin »stefna« hefir orðið eiginleg lyftistöng verkamannastéttinni, nema jafnaðarmenskan. Vegna verkamanna sjálfra, vegna þjóðarinnar í heild sinni og vegna hinnar eðli-

legu flokkaskipunar, sem ein tryggir framfarir í þingstjórnarlöndum, var jafnaðarstefnan nauðsynleg íslenskum verkamönnum í kaupþúnunum.

Vintrimannaflokkurinn hlýtur að fá sinn aðalstyrk frá gáfuðum og áhugasömum bændum, í sveit og við sjó. Ennfremur nokkurn liðsauka frá miðstétt kaupþúnanna. Þó að vintrimannaflokkurinn spretti í skjóli bændaflokkanna, getur hann engan veginn orðið *agrar*-flokkur. Þröngsýnir og smásálarlegir bændur og sveitavinir geta ekki átt þar heima. Þeir lenda sjálfkrafa í fylkingarbrjósti hægri-menskunnar. Takmark vinstri-menskunnar er eins og stefnuskrá *Timans* ber með sér: *athliða framför þjóðarinnar, efnaleg, andleg og siðferðisleg*. Þar er meira verk að inna af höndum heldur en ein kynslóð nær til. En hægra verður eftirkomendunum að halda í horfinu, ef rétt er lögð undirstaðan.

Hægri menn er sá hluti þjóðarinnar, sem minst mun um gefið hina nýju flokkaskipun. Þeim mun og óhægra að neyta sín hér eftir en hingað til. Hinsvegar þarf þó varla að kvíða að hlutur þeirra verði of mjög fyrir borð borinn. Fjármagn þeirra, stéttarsamheldni og vald yfir blöðunum skapar þeim öruggan bakhjarl. Þessvegna má vænta, að sá hluti þjóðarinnar fái nægilegt rúm til að neyta afls og orku, án þess að byrgja um of sólarýn öðrum stéttum þjóðfélagsins.

Visnun og fyrirsjáanlegur dauði Heimastjórnar- og Sjálfstæðisflokksins eru góð tákni tímanna. Stjórnmalabaráttan leitar sér að nýjum og haldbetri grundvelli en þjarkinu við Dani. Innanlandsmálin eru sú undirstaða. Einstaklingarnir skipa sér í varanlegar heildir samkvæmt andlegum skyldleika. Framförunum eru tryggð undirtökin, en íhaldið hefir og sín sterku virki.

Myndun hinna þriggju nýju flokka er þýðingarmesta viðreisnarmál þjóðarinnar nú sem stendur. Allir sem að því vinna eru samherjar. Óafvitandi stefna þeir allir að sama marki, vinir jafnt og andstæðingar. *Og takmarkið er, að gera allt afl Íslendinga nothæft til að endurreisa landið.*

Jónas Jónsson.